



Reykjavík, 9. febrúar 2024

MSS24010253

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartún 12-14
105Reykjavík

Fýsileiki á kaupum og rekstri loftgæðamælis í Breiðholti

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 7. febrúar 2024, lagði íbúaráð Breiðholts fram svohljóðandi tillögu um fýsileika á kaupum og rekstri loftgæðamælis í Breiðholti, sbr. 2. iður fundargerðar sama dag:

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts beini því til umhverfis- og skipulagsráðs að kanna í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, fýsileika á kaupum og rekstri færanlegs loftgæðamælis sem staðsettur yrði í Breiðholti, fjölmennasta hverfi borgarinnar. Þannig væri hægt að vakta með reglubundum hætti loftgæði á vissum stöðum innan hverfisins þar sem íbúabyggð, íþróttamannvirki ÍR, útivistasvæði og leik- og grunnskólar liggja samhliða þungum umferðaræðum Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar, Stekkjarbakka og Arnanesvegur. Tíu ár eru liðin síðan loftgæði voru mæld í hverfinu við þrenna leikskóla og síðan þá hefur bæði borgarbúum og ökutækjum fjölgað mikið á umræddu tímabili. Telur ráðið brýnt að hefja reglubundna vöktun loftgæða í hverfinu enda hefur svifryk sláandi áhrif og afleiðingar fyrir heilsu fólks, sérstaklega barna, eldra fólks og fólks með undirliggjandi sjúkdóma.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalinn fulltrúi leggja fram svohljóðandi bókun:

Einhugur íbúaráðsins er til staðar um að kannaður verði fýsileiki á kaupum og rekstri loftgæðamælis í Breiðholti. fyrir fjölmennasta hverfi borgarinnar. Tíu ár eru liðin síðan loftgæði voru mæld í hverfinu við þrenna leikskóla og síðan þá hefur bæði borgarbúum og ökutækjum fjölgað mikið á umræddu tímabili. Telur ráðið brýnt komin sé tími á reglubundna vöktun loftgæða í hverfinu enda eru sláandi áhrif og afleiðingar svifryks á heilsu fólks, sérstaklega barna, eldra fólks og fólks með undirliggjandi sjúkdóma. Þannig væri hægt að vakta loftgæði á vissum stöðum innan hverfisins þar sem íbúabyggð, íþróttamannvirki ÍR, útivistasvæðum og leik- og grunnskólum sem liggja samhliða þungum umferðaræðum Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar, Stekkjarbakka og Arnanesvegur.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins styður að íbúaráð Breiðholts beini því til þeirra sem málið varðar innan borgarkerfisins að það sé kannað hvort fýsilegt sé að kaupa og reka færanlegan loftgæðamæli í Breiðholti. Orðalag tillögunnar er hins vegar ekki



Reykjavík



á þann veg sem fulltrúinn hefði kosið, aðallega vegna þess að hún hefur að geyma ýmsar gildishlaðnar yfirlýsingar sem ekki er hægt að fallast fyrirvaralaust á. Það sama á við um ýmsar fullyrðingar í greinargerð. Breiðholt er það hins vegar stórt hverfi í Reykjavík að fyllsta ástæða er til að tillagan nái fram að ganga. Þessi afstaða byggir einnig á því að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfðu frumkvæði að því að Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 28. ágúst 2023 að komið yrði fyrir loftgæðamælum við þá leikskóla sem standa við eða nærri stofnbrautum í Reykjavík, meðal annars til að koma í veg fyrir að börn andi ekki að sér heilsuspillandi svifryki þegar svifryksmengun fer yfir heilsuverndarmörk.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að umhverfis- og skipulagsráð taki málið til afgreiðslu.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Tillaga íbúaráðs Breiðholts um fýsileika á kaupum og rekstri loftgæðamælis í Breiðholti



Reykjavík

Íbúaráð Breiðholts 7. febrúar 2024: Tillaga íbúaráðs Breiðholts um fýsileika á kaupum og rekstri loftgæðamælis í Breiðholti

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts beini því til umhverfis- og skipulagsráðs að kanna í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, fýsileika á kaupum og rekstri færanlegs loftgæðamælis sem staðsettur yrði í Breiðholti, fjölmennasta hverfi borgarinnar. Þannig væri hægt að vakta með reglubundum hætti loftgæði á vissum stöðum innan hverfisins þar sem íbúabyggð, íþróttamannvirki ÍR, útivistasvæði og leik- og grunnskólar liggja samhliða þungum umferðaræðum Reykjanesbrautar, Breiðholtsbrautar, Stekkjarbakka og Arnanesvegar. Tíu ár eru liðin síðan loftgæði voru mæld í hverfinu við þrenna leikskóla og síðan þá hefur bæði borgarbúum og ökutækjum fjölgað mikið á umræddu tímabili. Telur ráðið brýnt að hefja reglubundna vöktun loftgæða í hverfinu enda hefur svifryk sláandi áhrif og afleiðingar fyrir heilsu fólks, sérstaklega barna, eldra fólks og fólks með undirliggjandi sjúkdóma.

Greinargerð:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vaktar loftgæði í Reykjavík og njóta borgarbúar góðs af mælistöðvum sem staðsettar eru víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur rekur tvær færanlegar loftgæðamælistöðvar. Umhverfisstofnun rekur fastar loftgæðamælistöðvar á Grensásvegi og í Húsdýragarðinum, sú fyrri endurspeglar mengaðasta staðinn í borginni á meðan hinn mælir bakgrunnsgildi í íbúabyggð en um er að ræða agnir úr uppspændu malbiki, sóti mest frá díselbruna, jarðvegsagnir, salti og ösku. Faxaflóahafnir reka mælistöð við Laugarnes er mælir m.a. köfnunarefnisdíoxíð, brennisteinsgos og svifryk. Orkuveita Reykjavíkur er með stöð í Norðlingaholti, í Úlfarsárdal og í Lækjarbotnum sem vaktar Brennisteinsvetni frá virkjum Nesjavalla og Hellisheiðar. Fastar loftgæðamælistöðvar í Hvaleyrarholti og Helluhrauni í Hafnarfirði, ein færanleg í Garðabæ, ein föst mælistöð í Kópavogi og ein færanleg. Góð samvinna þessara aðila skilar fyrirsjáanleika í mælingum á þau efni sem rýra loftgæðin. Það verður ekki hjá því komist að fjölgun íbúa um fimmtíupúsund síðustu 10 árin á höfuðborgarsvæðinu hefur haldist í hendur við mikla fjölgun ökutækja á sama tíma og er talið að 70 bílar bætist við götur höfuðborgarsvæðisins á viku, 800 bílar á ári, tæplega 9000 þúsund bílar á 10 árum. Áskoranir hverfisins að mati HER snúa að þjóðvegum í þéttbýli, fjölmönnum stofnbrautum, mengun frá Brennisteinsvetni sem rætur á rekja til virkjanna og köfnunarefnisdíoxíði sem kemur frá útblæstri og svifryki.

Áhrif svifryks

Í andrúmsloftinu er að finna efni, litlar síbreytilegar agnir sem geta verið á föstu form eða vökva. Þessar agnir falla aftur niður úr andrúmsloftinu nálægt umsprettum mengunar. Þær flokkast í vissar stærðir og þær agnir þekkjum við undir heitinu svifryk. Gróft svifryk og fínt svifryk en gróft svifryk miðast við 2,5-10 míkrómetra en fínt undir 2,5 míkrómetra. Svifrykið sem er undir 10 míkrómetrum kemst inn í öndunarfæri manna, læðist niður berkjur og þær allra smæstu setjast að í lungnablöðrunum og frásogast út í blóðrásina. Þannig er svifrykið ekki bara heilsuspillandi fyrir lungu, hjarta og æðar heldur ferðast agnirnar í gegnum blóðrásina, út um allan líkamanm, geta valdið bólgum í höfði, leitt til sjúkdóma eins og Alzheimer og elliglapa, fer í gegnum fylgju til fósturs og geta haft áhrif á þroska barna. Rannsóknir sýna fram á að 2-4 sinnum meira magn agna er í öndunarfærum barna en finnst hjá fullorðnum. Börn eru í senn bæði viðkvæmari og útsettari fyrir svifryki og getur hamlað þroska þeirra. Í rannsókn Þrastar Þorsteinssonar, Prófessors í umhverfis og auðlindafræði sem var unnin fyrir Vegagerðina 2021, Áhrif hraða á mengun vegna umferðar koma fram sláandi niðurstöður um staðreynd nagladekkja og hversu víðtæk og afgerandi hlutdeild nagladekk eiga í svifryki. Þar kemur fram að bíll á nagladekkjum eys 2 kg af svifryki á ári hverju miðað við meðalakstur á meðan bíll sem ekur án nagladekkja eys um 300 grömmum af svifryki, þá er búið að taka tillit til annarra þátta

Í mengun bílsins eins og dekkjaslits og bremsuryks. Þannig að einn bíll á nagladekkjum mengar á við 6 bíla sem keyra um á annars konar vetrardekkjum. Umhverfis og skipulagsvið borgarinnar heldur utan um talningu á nagladekkja og skv. þeim tölum er um 44% bíla síðustu árin á negldum dekkjum. Ef hlutfall nagladekkja er 44% á ári er reiknaður upp með núverandi fjölda bíla í borginni í meðalakstri skila bílar Reykvíkinga um 136 tonnum af svifryki út í andrúmsloftið á ári hverju.

Tækifæri til betri mælinga í Breiðholti

Í upplýsingum sem koma frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hafa loftgæði ekki verið mæld með skipulögðum hætti í Breiðholti í 10 ár eða síðan 2014 en þá voru farstöðvar settar við þrenna leiksskóla, Hólaborg í Lóuhólum, Arnarborg við Maríubakka og Seljakot við Rangársel. Þá eru einfaldir loftgæðamælur frá Airly staðsettir við Seljahverfi/Kópavogi til að meta áhrif frá fyrirhuguðum vegaf framkvæmdum við Arnarnesveg en hafa því miður ekki reynst vel vegna ónákvæmra gagna og ekki talið hægt að nota þessa tegund mæla. Í ljósi þess að tíu ár eru liðin síðan loftgæði voru mæld með markvissum hætti í Breiðholti, búið er að byggja fjölsótt íþróttamannvirki fyrir börn og ungmenni sem liggja nálægt einum umferðabyngsta þjóðvegi landsins, reisa íbúðir fyrir eldra fólk við Ársskóga og ökutækjum hefur fjölgað gríðarlega samhliða fjölgun íbúa vill ráðið að vöktun innan hverfis verði regluleg og markviss þannig að skólastjórnendur í leik- og grunnskólum hverfisins, foreldrar og íbúar geti fylgst með loftgæðum innan hverfisins sérstaklega nálægt stórum umferðaaðum eins við Breiðholtsbraut, við íþróttamannvirki ÍR í Mjódd, byggð eldra fólks við Ársskóga, íbúðabyggð við Stekkjarbakka, Arnarnesveg og leik- og grunnskóla.